



## FÍFL á Hrútsfjallstindum

FÍFL á leiðinni upp norðurhrygg Suðurtinds. Myndina tók Guðmundur Freyr Jónsson af Hátindi Hrútsfjallstinda.

Laugardaginn 6. júní náðu átta manns úr Félagi íslenskra fjallalækna (FÍFL) að klífa alla helstu tindu Hrútsfjallstinda (1875 m) í Örafajökli. Gangan tók 16 tíma og fararstjóri var Þorvaldur Þórsson hátindahöfðingi. Veður var frábært sem þótti sanngjarnt þar sem fresta varð ferðinni í tvígang vegna veðurs. Hápunktur göngunnar var án efa þegar Suðurtindur var klifinn í algjörrri rjómabliðu, en hann er brattastur tindanna fjögurra og sá mikilfenglegasti. Komust allir klakklaust upp og niður af tindinum, en útsýni verður ekki með orðum lýst.

Fyrir í vor lagði FÍFL að velli tindana Ými og Ýmu í Tindfjallajökli. Reyndar þurfti tvær tilraunir því veður var slæmt í fyrri skiptið og þurfti því að snúa við í miðjum hlíðum. Í síðara skiptið var veður eins og best verður á kosið og leiðangursmenn að vonum kátir.

Síðar í sumar fer FÍFL á Herðubreið (1682 m) og Snæfell (1833 m). Nánari upplýsingar um FÍFL eru á [www.facebook.com](http://www.facebook.com)



Á leið upp Suðurtind. Frá vinstri Tómas Guðbjartsson, Engilbert Sigurðsson, Valgerður Rúnarsdóttir og Eggert Helgason. Eins og sjá má á klæðnaði Valgerðar var veður með eindæmum gott og aðstæður ákjósanlegar fyrir brölt sem þetta. Mynd: Þorvaldur Þórsson.

Tómas Guðbjartsson  
[tomasgudbjartsson@hotmail.com](mailto:tomasgudbjartsson@hotmail.com)